

Landssamband DKG

Fimmti fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi, var haldinn í húsnæði Kennarasambandsins við Sóleyjargötu 33, íbúð 202, 24. nóvember 2017 og hófst kl. 15.30.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir. Helga M. Steinsson var á Skype.

Dagskrá:

1. Farið yfir undirbúning vorþings. Helga M. Steinsson fór yfir stöðuna. Þingið verður haldið 5.5.2018 í Egilsstaðaskóla. Gisting hefur pöntuð á laugardeginum 5.5. í Gistihúsinu á Egilsstöðum og ákveðið var að biðja einnig um tilboð fyrir tvær nætur, þ.e. 4. og 5. maí fyrir þær sem vilja koma kvöldið áður en þingið hefst. Svára þarf til um gistingu fyrir 5. febrúar. Koma þarf þessum upplýsingum inn á vefinn við fyrsta tækifæri. Helga greindi frá því að deildin sé komin í samband við menntamálanefndina. Þema þingsins verður um sköpunarkraft kvenna á Austurlandi. Við einbeitum okkur að austfirskum konum í sköpunargreinum m.a. Lunga, Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði, Þorpið á Egilsstöðum, listabraut í ME og listaakademían og FAB LAB í Verkmenntaskólanum. Það eru konur í forystu á flestum þessum stöðum. Menntamálanefnd mun ákveða yfirskrift vorþingsins fljótlega.
2. Skipan í Evrópunefndina, European Forum. Kristín Jónsdóttir hefur verið fulltrúi okkar en gefur ekki kost á sér áfram. Helga M. Steinsson varaforseti landssambandsins gefur kost á sér. Samþykkt.
3. Farið yfir stöðuna við undirbúning Evrópuráðstefnu. Stýrihópurinn hefur hist einu sinni. Ingibjörg Einarsdóttir baðst undan þátttöku í hópnum og Sigrún Kristín baðst undan því að vera formaður hópsins. Engin kvennanna vill taka að sér forystu. Jóna mun taka það hlutverk og deila út verkefnum. Dagar ráðstefnunnar hafa verið ákveðnir og það er búið að stytta hana, hún verður haldin frá seinna hluta fimmtudags og til hádegis á laugardegi, 24.-27. júlí. Á miðvikudegi er svokölluð preconference. Rætt var um nefndaskipan til undirbúnings ráðstefnunnar.
4. Samskipti við nefndir. Forseti hefur haft samband við samskipta- og útgáfunefnd út af fréttablaðinu, útbreiðslunefnd, menntamálanefnd og laganeftnd. Helga M. Steinsson mun annast menntamálanefndina. Menntamálanefnd hefur stofnað facebook síðu og samskiptin fara fram þar. Jóna er búin að biðja um að nafn hennar sé á lista yfir lagafrumvörp um menntamál sem send eru til umsagnar. Hún ræddi við félag og útbreiðslunefndina um verkefni þ.e. hefja undirbúning að stofnun nýrrar deildar. Hún ræddi við þær líka um hvort þær gætu tekið að sér að setja mynd af konum í félagatalið. Jóna varpaði fram þeirri hugmynd að stjórnarkonur skipti með sér að sjá um samskipti við tiltekna nefndir. Ákveðið var á framkvæmdaráðsfundi að setja hnapp á vefinn um konur sem eru tilbúnar til að fjalla um ýmis efni. Rætt var um nafn á hnappinn: Þekkingarforðinn eða þekkingarforði dkg kvenna. Eygló mun setja hnappinn inn á vefinn innan tíðar.
5. Yfirlit yfir verkefni stjórnar frá síðasta fundi. Helga G. Halldórsdóttir fór á fund í Epsilon deild, sem haldinn var á Selfossi. Þetta var innsetningarfundur og 4 teknar inn í deildina. Það var góð mæting á fundinn. Vel heppnaður fundur. Ingibjörg Elsa fór á fund í Lambdadeild með Phyllis Hickey. Þetta var innsetningarfundur og 6 teknar inn. Það var ágæt mæting á fundinn og hann var vel heppnaður. Jóna fór á einn fund með

Lambdadeild. Hann var fámennur, en góðmennur. Jóna hefur verið að svara erindum frá útlöndum, svo sótti hún um í International Speakers Fund en fékk höfnun á því erindi vegna þess að við sóttum líka um að fá erindi gegnum Society representatives. Björg Nakling hefur staðfest komu sína á vorþingið í maí.

6. Önnur mál: Síðasta stjórn landssambandsins hittist í gærkvöldi á Messanum til að kveðjast og bað fyrir kveðju til stjórnarinnar.
7. Fundarplan fyrir stjórnarfundum landssambandsstjórnar.
 - a. Sjötti fundur verður haldinn 9. mars í Reykjavík kl. 13.00.
 - b. Sjöundi fundur verður haldinn 5. maí í Grunnskólanum á Egilsstöðum í tengslum við vorþingið sem verður þann dag frá kl. 11-16.
 - c. Hugsanlega verður haldinn Skype fundur í janúar eða febrúar, en það verður ákveðið síðar.

Fundi slitið kl. 17.30 og haldið í kvöldverð á Tapasbarnum með Phyllis Hickey og fleiri DKG konum.